

2196. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 21. september 2017 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16:00.

Mættir: Guðni Bergsson formaður, Guðrún Inga Sívertsen, Magnús Gylfason, Borghildur Sigurðardóttir, Ingvar Guðjónsson, Jóhann Torfason, Jóhannes Ólafsson, Kristinn Jakobsson, Ragnhildur Skúladóttir, Rúnar V. Arnarson og Vignir Már Þormóðsson.

Þá sat Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Gísli Gíslason

Þetta var gjört:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda.
 - Frestað
3. Fjármál
 - Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri KSÍ fór yfir milliuppgjör sambandsins.
4. Laugardalsvöllur
 - Guðni Bergsson formaður upplýsti stjórn um stöðu mála varðandi Laugardalsvöll.
5. Málefni landsliða
 - Jóhann K. Torfason fór yfir málefni yngri landsliða karla, framundan er undankeppni EM U17 karla sem fram fer í september í Finnlandi og U19 karla sem fram fer í Búlgaríu í nóvember. Óheppilegt er að U19 leiki ekki fyrr en í nóvember.
 - Ragnhildur Skúladóttir fór yfir málefni yngri landsliða kvenna. U19 kvenna hefur lokið keppni í undankeppni EM og komst í milliriðla. U17 kvenna leikur í október í Aserbaídsjan.
 - U21 karla tapaði fyrsta leik sínum í undankeppni EM, gegn Albaníu 2-3.
 - A kvenna lék sinn fyrsta leik í undankeppni HM, gegn Færeyjum og vann 8-0. Liðið leikur tvo útileiki í október, gegn Þýskalandi og Tékklandi.
 - A karla lék gegn Finnlandi og Úkraínu í september. Liðið tapaði gegn Finnlandi 0-1, en sigraði Úkraínu heima 2-0. Liðið leikur tvo leiki í október, gegn Tyrklandi úti og Kósóvó heima.
6. Mótamál
 - Vignir Már Þormóðsson formaður mótanefndar fór yfir stöðu mála í mótamálum sambandsins.
 - Tekið fyrir erindi frá KR vegna frestunar leiks í 2. flokki karla. Miðað við fyrirbyggjandi forsendur er stjórn sammála ákvörðun mótanefndar. Framkvæmdastjóra falið að svara erindi KR.
 - Farið yfir næstu verðlaunaafhendingar í yngri flokkum og deildum.
 - Samþykkt að stefna að því að veita viðurkenningar til leikmanna á lokahófum félaganna.
7. Dómaramál
 - Kristinn Jakobsson formaður dómaranefndar fór yfir dómaramál sambandsins. Nýir og efnilegir dómamarar eru að fá tækifæri nú í lok tímabilsins. Norræn dómaramálfélag fór fram nýverið þar sem m.a. var rætt um norræna samvinnu á sviði kvendómara.
 - Rætt um starfshóp varðandi dómarasamninga.
 - Kristinn kynnti fyrirspurn frá HR varðandi samtarf í dómaramálum. Málinu vísað til framkvæmdastjóra.
8. Önnur mál



- Rúnar V. Arnarson ræddi um ferðakostnað aðildarfélaga og aukið framlag til yngri landsliða. Þá var einnig rætt um reglugerð KSÍ um ferðapátttökugjald.
- Lagt fram erindi frá Fylki um heiðursmerki. Erindinu var vísað til formanns og framkvæmdastjóra til úrlausnar.
- Lagt fram erindi frá Magna um heiðursmerki. Erindinu var vísað til formanns og framkvæmdastjóra til úrlausnar.
- Ragnildur Skúladóttir, upplýsti stjórn um aðalatriðin í skýrslu DBU um e-sport.
- Stjórn staðfesti ráðningu Bryndísar Einarsdóttur sem fjármálastjóra KSÍ.

Fleira var ekki bókað og var fundi slitið kl. 18:40.